

GJALDSKRÁ

HS Veitna hf. fyrir heitt vatn.

I. KAFLI

1. gr.

HS Veitur hf. selja afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

HS Veitur hf. láta hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að mati HS Veitna hf.

Vatnsrennsli að húsinu verður mælt með þar til gerðum magnmælum eða af sérstökum ástæðum, að mati HS Veitna hf, takmarkað með magnhemli.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal húseigandi á Suðurnesjum greiða samkvæmt magnmæli:

	án vsk	m. 11% vsk	m. 24% vsk	
Til húshitunar (80°C frá dælustöð)	173,05	192,09		kr./m³
Til húshitunar (90°C frá dælustöð)	190,37	211,31		kr./m³
Til annarra nota	173,05		214,58	kr./m³
Til iðnaðar*	147,08		182,38	kr./m³

* sem verulegur hluti framleiðslukostnaðar

Ef ekki er talið hægt að innheimta eftir magnmæli skal greiða samkvæmt magnhemli:

	án vsk	m. 11% vsk	
Húshitun l/m á ári (80°C frá dælustöð)	61.646,00	68.427,00	kr.
Húshitun l/m á dag (80°C frá dælustöð)	168,89	187,47	kr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal húseigandi í Vestmannaeyjum greiða samkvæmt magnmæli:

	án vsk	m. 11% vsk	
Til íbúða húshitunar			
VM1 m³	500,76	539,58	kr./m³
VM2 m³	125,02	134,69	kr./m³
VM2 kWh	8,39	9,04	kr./kWh

Orkustofnun hefur umsjón með niðurgreiðslum, sjá nánar á vef Orkustofnunar: www.os.is

	án vsk	m. 11% vsk	
Til húshitunar annars en íbúða			
VM3 m³	470,83	522,62	kr./m³
VM4 m³	117,01	129,88	kr./m³
VM4 kWh	7,81	8,67	kr./kWh

4. gr.

Fastagjald fer eftir stærð mælis/hemils og skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og er fyrir hverja veitu sem hér segir á Suðurnesjum:

	án vsk	m. 11% vsk	m. 24% vsk	
Mælir eða hemill allt að 20 mm	11.535,00	12.804,00	14.303,00	kr./ár
Mælir eða hemill allt að 20 mm	31,60	35,08	39,19	kr./dag
Mælir allt að 25-50 mm	23.114,00	25.657,00	28.661,00	kr./ár
Mælir allt að 25-50 mm	63,33	70,29	78,52	kr./dag
Mælir 65 mm og stærri	46.182,00	51.262,02	57.266,00	kr./ár
Mælir 65 mm og stærri	126,53	140,44	156,89	kr./dag

Fastagjald fer eftir stærð mælis og skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og er fyrir hverja veitu sem hér segir í Vestmannaeyjum:

Flokkur og stærð mæla	án vsk	m. 11% vsk	
MV1 Fyrir mæla 20 mm og minni	40.741,00	45.223,00	kr./ár
MV1 Fyrir mæla 20 mm og minni	111,62	123,90	kr./dag
MV2 Fyrir mæla 25-50 mm	81.176,00	90.105,00	kr./ár
MV2 Fyrir mæla 25-50 mm	222,40	246,86	kr./dag
MV3 Fyrir mæla 65 mm og stærri	162.723,00	180.623,00	kr./ár
MV3 Fyrir mæla 65 mm og stærri	445,82	494,86	kr./dag

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega. Gjaldldagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem HS Veitur hf. ákveða. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

6. gr.

Heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimæð er tengir hús við veitukerfi HS Veitna hf. Heimæðargjald skal greitt þegar lagningu heimæðar er lokið.

Heimæðargjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

	án vsk	m. 11% vsk	
DN 20 mm heimæð	387.671	430.315	kr.
DN 25 mm heimæð	511.476	567.738	kr.
DN 32 mm heimæð	650.286	721.817	kr.
DN 40 mm heimæð	737.825	818.986	kr.
DN 50 mm heimæð	1.688.245	1.873.952	kr.
Bráðabirgðatenging, t.d. vinnuskúrar	43.770	48.585	kr.

Kostnaðarverð stærri heimæða en 50 mm er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik.

2% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra umfram 50 metra (20 metra innan lóðamarka).

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðargjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðst 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar en fyrir heimæðar 50 mm og stærri er kostnaðarverð reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik.

	án vsk	m. 24% vsk	
Púlsmerki frá mæli	23.489	29.126	kr.
Ídráttarrör fyrir rafmagnsheimtaug og fjarskipti	41.038	50.887	kr.

III. KAFLI

7. gr

Öll gjöld skal samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

8. gr.

HS Veitur hf. hafa rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreiðd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með minnst 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur hverju sinni.

	án vsk	m. 24% vsk	
Opnunargjald	9.029	11.196	kr.

9. gr.

Eftirlitsmanni HS Veitna hf. skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hita-gjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

10. gr.

Virðisaukaskattur, 11,0% bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á sölu vatns og heimæða til annars en húshitunar og opnunargjaldi þar sem virðisaukaskatturinn er 24,0%.

Í gjaldskránni er ekki tekið tillit til 2,0% orkuskatts á smásöluverð.

IV. KAFLI

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn HS Veitna hf. staðfestist hér með samkvæmt orkulögum, nr. 58/1967, til að öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1583/2023.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 19. júlí 2024.

F. h. r.

Ólafur Darri Andrasón.

Hreinn Hrafnkelsson.